

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/461**

2021/EES/55/17

frá 30. janúar 2019

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/522 að því er varðar undanþágu Englandsbanka og Lánasýslu Bretlands frá gildissviði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Viðskipti, fyrirmæli eða athæfi aðildarríkis, aðila að seðlabankakerfi Evrópu, ráðuneytis, stofnunar eða félags með sérstakan tilgang vegna eins eða fleiri aðildarríkja eða einstaklinga sem aðhafast fyrir þeirra hönd, eða, ef um er að ræða aðildarríki sem er sambandsríki, aðila sem er hluti af sambandsríkinu, í þeim tilgangi að framfylgja peningamálastefnu, gengisstefnu eða stefnu um stýringu á skuldum hins opinbera eru undanþegin gildissviði reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 skv. 1. mgr. 6. gr. hennar.
- 2) Slíka undanþágu frá gildissviði reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 má rýmka, í samræmi við 5. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar, til að hún nái yfir tiltekna opinbera aðila og seðlabanka þriðju landa.
- 3) Uppfæra ætti skrána yfir undanþegna seðlabanka þriðju landa sem sett er fram í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/522 ⁽²⁾, þ.m.t. með það fyrir augum að rýmka, eftir því sem þörf krefur, gildissvið undanþágunnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 til að hún nái yfir aðra seðlabanka og tiltekna opinbera aðila þriðju landa. Framkvæmdastjórnin fylgist með og metur viðeigandi þróun á sviði löggjafar og reglusetningar í þriðju löndum og getur endurskoðað undanþágurnar hvenær sem er.
- 4) Hinn 29. mars 2017 lagði Bretland fram tilkynningu um þá fyrirætlan sína að ganga úr Sambandinu skv. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Sáttmálarnir hætta að gilda um Bretland frá og með þeim degi þegar útgöngusamningur tekur gildi eða, sé ekki um slíkan samning að ræða, tveimur árum eftir tilkynninguna, nema leiðtogaráðið, í samráði við Bretland, ákveði einróma að framlengja það tímabil.
- 5) Útgöngusamningurinn sem samningsaðilarnir hafa komið sér saman um hefur að geyma fyrirkomulag um beitingu lagaákvæða Sambandsins um Bretland og í Bretlandi eftir daginn sem sáttmálarnir falla úr gildi að því er varðar Bretland. Ef sá samningur tekur gildi mun reglugerð (ESB) nr. 596/2014, að meðtalinni undanþágunni sem kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar, gilda um Bretland og í Bretlandi á umbreytingartímabilinu í samræmi við þann samning og mun falla úr gildi við lok þess tímabils.
- 6) Útganga Bretlands úr Sambandinu myndi, ef ekki væri um að ræða nein sérákvæði, hafa þau áhrif að Englandsbanki og Lánasýsla Bretlands myndu ekki lengur njóta gildandi undanþágu nema stofnanirnar yrðu færðar á skrána yfir seðlabanka og lánasýslur þriðju landa sem njóta undanþágu.
- 7) Í ljósi upplýsinga frá Bretlandi hefur framkvæmdastjórnin útbúið og lagt fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu þar sem metin er alþjóðleg meðferð Englandsbanka og Lánasýslu Bretlands. Í þeirri skýrslu ⁽³⁾ er komist að þeirri niðurstöðu að rétt þyki að veita Englandsbanka og Lánasýslu Bretlands undanþágu frá gildissviði reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 eftir að Bretland tekur stöðu sem þriðja land. Til samræmis við það ætti að færa Englandsbanka og Lánasýslu Bretlands á skrána yfir opinbera aðila sem njóta undanþágu, sem sett er fram í framseldri reglugerð (ESB) 2016/522.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 80, 22.3.2019, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 306/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 14, 5.3.2020, bls. 61.

(1) Stjttíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 1.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/522 frá 17. desember 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 að því er varðar undanþágu fyrir tiltekna opinbera aðila og seðlabanka þriðju landa, vísbendingar um markaðsmisnotkun, viðmiðunarmörk varðandi birtingu upplýsinga, lögbæra yfirvaldið að því er varðar tilkynningar um frestanir, heimild til viðskipta á lokuðum tímabilum og tegundir tilkynningarskyldra viðskipta stjórnenda (Stjttíð. L 88 5.4.2016, bls. 1).

(3) Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins um undanþágu fyrir Englandsbanka og Lánasýslu Bretlands samkvæmt reglugerðinni um markaðssvik (MAR) [COM(2019) 68].

- 8) Yfirvöld í Bretlandi hafa tryggt stöðu, réttindi og skyldur aðila að seðlabankakerfi Evrópu og ætla m.a. að veita aðilunum að seðlabankakerfi Evrópu og öðrum aðilum Sambandsins og aðildarríkja, sem starfa eftir peningamálastefnu, gengisstefnu eða stefnu um skuldir hins opinbera, undanþágu sem er sambærileg þeirri sem kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014.
- 9) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2016/522 til samræmis við það.
- 10) Framkvæmdastjórnin hefur eftir sem áður reglulegt eftirlit með meðferð þessara seðlabanka og opinberu aðila sem njóta undanþágu frá kröfum um markaðssvik sem mælt er fyrir um í skránni í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2016/522. Hægt er að uppfæra skrána í ljósi þróunar á regluverki þessara þriðju landa og með hliðsjón af viðeigandi nýjum heimildum. Slíkt endurmat gæti leitt til þess að tiltekin þriðju lönd yrðu tekin af skránni yfir aðila sem njóta undanþágu.
- 11) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi sem fyrst og ætti að koma til framkvæmda frá og með deginum eftir að reglugerð (ESB) nr. 596/2014 hættir að gilda um Bretland og í Bretlandi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2016/522 kemur texti viðaukans við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún skal koma til framkvæmda frá og með deginum eftir að reglugerð (ESB) nr. 596/2014 hættir að gilda um Bretland og í Bretlandi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. janúar 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI

1. Ástralía:
 - Seðlabanki Ástralíu (Reserve Bank of Australia)
 - Fjármálasýsla Ástralíu (Australian Office of Financial Management),
 2. Brasilía:
 - Seðlabanki Brasilíu (Central Bank of Brazil),
 - Ríkissjóður Brasilíu (National Treasury of Brazil),
 3. Kanada:
 - Seðlabanki Kanada (Bank of Canada),
 - Fjármálaráðuneyti Kanada (Department of Finance Canada),
 4. Kína:
 - Seðlabanki Kína (People's Bank of China),
 5. Hong Kong, sérstjórnarsvæði Alþýðulýðveldisins Kína:
 - Seðlabanki Hong Kong (Hong Kong Monetary Authority),
 - Skrifstofa fjármálaþjónustu og ríkissjóðs í Hong Kong (Financial Services and the Treasury Bureau of Hong Kong),
 6. Indland:
 - Seðlabanki Indlands (Reserve Bank of India),
 7. Japan:
 - Seðlabanki Japans (Bank of Japan),
 - Fjármálaráðuneyti Japans (Ministry of Finance of Japan),
 8. Mexíkó:
 - Seðlabanki Mexíkó (Bank of Mexico),
 - Ráðuneyti fjármála og opinberra skulda í Mexíkó (Ministry of Finance and Public Credit of Mexico),
 9. Singapúr:
 - Seðlabanki Singapúr (Monetary Authority of Singapore),
 10. Suður-Kórea:
 - Seðlabanki Suður-Kóreu (Bank of Korea),
 - Fjármálaráðuneyti Suður-Kóreu (Ministry of Strategy and Finance of Korea),
 11. Sviss:
 - Seðlabanki Sviss (Swiss National Bank),
 - Skrifstofa opinberra fjármála svissneska sambandsríkisins (Federal Finance Administration of Switzerland),
 12. Tyrkland:
 - Seðlabanki Tyrklands (Central Bank of the Republic of Turkey),
 - Undirráðuneyti opinberra fjármála í Tyrklandi (Undersecretariat of Treasury of the Republic of Turkey)
 13. Bretland:
 - Englandsbanki (Bank of England),
 - Lánasýsla Bretlands (United Kingdom Debt Management Office),
 14. Bandaríkin:
 - Seðlabanki Bandaríkjanna (Federal Reserve System),
 - Bandaríska fjármálaráðuneytið (U.S. Department of the Treasury).“
-